



Alþingi
Erindi nr. P 139/1895
komudagur 1.4.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2011

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, 561. mál

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum. Þar sem frumvarpið varðar atriði sem skipt geta atvinnulíf miklu skila Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins sameiginlegri umsögn um frumvarpið. Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins.

Í 79. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 144. gr. laganna varðandi tímafresti og tilkynningarskyldu. Ástæða er til að lýsa áhyggjum af umfangsmiklu eftirlit Orkustofnunar og að allar framkvæmdir í vötnum skuli tilkynntar Orkustofnun hvort sem þær eru smáar eða umfangsmiklar. Samtökin telja ákvæðið of almennt orðað og leggja til að orðalagi 79. gr. frumvarpsins verði breytt og notað sambærilegt orðalag og í 10. gr. laga nr. 57/1998 þar sem landeigendum er gert heimilt að hagnýta jarðhita að ákveðnu marki en tilkynna stofnuninni um "...jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir...". Þannig yrðu minni háttar framkvæmdir ekki tilkynningarskyldar enda augljóst að útilokað er að fylgjast með því hvort einhverjar minni háttar breytingar á skurðum á eignarlandi hafi átt sér stað svo dæmi sé nefnt. Í reglugerð þeirri sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir má svo gera nánar grein fyrir því hvaða framkvæmdir teljist tilkynningarskyldar. Hafa ber í huga að lögin taka til alls rennandi og kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar en þar undir falla m.a. minni háttar vötn, sbr. 10. gr. frumvarpsins, sem kveður á um breytingar á 9. gr. laganna. Ástæða er til að vara við að landeigendur verði undantekningarlaust gerðir brotlegir við lög vegna minni háttar framkvæmda sem ekki eru tilkynntar og að slík brot virkja þau úrræði sem kveðið er á um í 80. gr. frumvarpsins.

Í 17. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði brott ákvæði vatnalaga um að hámarksleigutími vatnsréttinda í opinberri eigu sé 65 ár. Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins segir að ástæða þess að enginn árafjöldi sé tiltekinn í ákvæðinu sé sú að fyrirhugað sé að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga þar sem lagt verður til að hámarkslengd leyfislegs leigutíma á nýtingarrétti auðlinda verði stytta frá því sem nú er, ásamt endurskoðun á möguleika til framlengingar eða endurnýjunar slíkra samninga sem mundi tengjast



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

frammistöðu leigutaka og umgengni hans um auðlindina. Samtökin benda á að stytting leigutíma og óvissa um framlengingu eða endurnýjun leigusamninga er til þess fallin að hækka ávöxtunarkröfu sem leiðir til hækkandi orkuverðs til heimila og atvinnulífs. Samtökin telja að með þessari breytingartillögu sé að óþörfu verið að skapa enn aukna óvissu um virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir, sem eru mikilvægur þáttur í að skapa störf og auka fjárfestingu í atvinnulífinu. Samtökin leggjast eindregið gegn þessari breytingu ef ætlunin er að feta þá slóð sem boðað er í greinargerð frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins

Guðjón Axel Guðjónsson
Samtök atvinnulífsins

